



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Náttúrugreinar – 1. bekkur

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið þeirra. Mikilvægt er að verkleg færni og félagsfærni styrkist, frumkvæði og ábyrgð aukist með virkri þátttöku nemenda. Í Ísaksskóla eru einstakir námsþættir í náttúrugreinum ýmist unnir í þema eða fléttað inn í aðrar námsgreinar. Kennarar styðjast við Átthagafræðiskjal skólans, sjá [hér](#).

Matsviðmið

Geta til aðgerða

Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum. Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.

Vinnubrögð og færni

Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningum á niðurstöðum. Skráð atburði og athuganir, t.d. með teikningum og orðum. Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Að búa á jörðinni

Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

Lífsskilyrði manna

Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans. Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.

Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi. Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.

Náttúra Íslands

Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.

Heilbrigði umhverfisins

Fjallað um samspil manns og náttúru.
Flokkað úrgang.
Sett í samhengi mismundandi ástand efna og eiginleika þeirra.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.
Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

Námsmat

Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með, jafnt og þétt yfir skólaárið, og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, virkni og kannanir. Í sumum verkefnum eru nemendur metnir út frá vinnuframlagi, hæfni og áhuga. Verkefni eru ýmis metin sem *lokið/ólókið* eða gefin hæfnieinkunn með umsögnum og hæfnitáknum (sjá hér). Myndir af verkefnum eru gjarnan settar inn á Mentor með námsmati.

Yfirfarið október 2024.